

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, lega ljósleiðara frá Gilsá um Hallsteinsdal að sveitarfélagsmörkum, Fljótsdalshéraði.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Austur-Héraðs 2002-2017, frá 10. júlí 2002.

Breytingin felst í því að lagður er ljósleiðari frá Gilsá meðfram Fljótsdalslínu 3 og 4 að aðveitustöð á Hryggstekk og þaðan meðfram Fljótsdalslínu 3 um Hallsteinsdal að sveitarfélagsmörkum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 3. júlí 2006.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 5. júlí 2006